

E. Seminar on Pre-schools

Moderator: Björk Óttarsdóttir

Secretary: Klara E. Finnbogadóttir

Participants

Main conclusions:

Mikilvægt er að nota mismunandi mælikvarða þegar skólastarf er metið og einblína ekki á einn kvarða t.d. PISA eða spurningalistakannanir. Heimsókn á vettvang og viðtöl við starfsmenn, nemendur og foreldra eru mikilvæg og gefa fyllri mynd af starfinu sem fram fer í skólanum.

Það þarf að gera leikskólastarfið eftirsóknarvert. Það þarf að tala upp starfið og hætta neikvæðri umræðu. Kennarar þurfa að vera stoltir af starfinu sínu og því að vera kennarar.

„Take the pay of the table“ eins og Andy Hargreaves orðaði það. Það þarf að ríkja þjóðarsátt um að hækka laun kennara svo þau séu sambærileg launum stétta með samsvarandi menntun. Það mun án efa skila sér í fjölbreyttari starfsmannahópi og jafnvel fleiri karlmönnum, en reynslan hefur sýnt að þeir hverfi frekar frá störfum í leikskólum vegna launanna.

Opna þarf augu almennings fyrir mikilvægi kennarastarfsins og finna þarf leiðir til að gera leikskólakennara ánægða og stolta af starfinu sínu.

Þó nokkuð var rætt um leikskólann sem þjónustustofnun og/eða uppeldisstofnun og hvernig eigi að takast á við muninn á viðhorfum gagnvart þessum hugtökum. Einnig var rætt um muninn á því að nálgast umræðu um leikskólastarf út frá viðskiptanálgun og faglegri nálgun.

Í skýrslunni Key Data on Early Childhood Education and Care in Europe - 2014 Edition kemur fram að meirihluti Evrópulandanna, sem eiga aðild að skýrslunni, hafa sett viðmið um hámarksfjölda barna á hvern starfsmann og/eða hámarksfjölda barna í hverjum hópi/deild (flestar tilgreina báða hópana, sum bara annan), Noregur er þar á meðal. Fjögur lönd (Danmörk, Lettland, Svíþjóð og Ísland) hafa ekki sett nein slík viðmið.

Þátttakendur taka undir með Pasi Sahlberg þegar hann segir: „Látum vera gaman í skólanum. Ekki gera meira af því sama til að bæta námsárangur nemenda“ og úr varð setningin: „Play all the way through the Education system“.

Rannsóknir sýna að kennarar og skólastjórnendur gegna mikilvægu hlutverki í því ferli að innleiða og styðja við framfarir í skólum. Flestir eru sammála því að af öllum þeim þáttum innan skólans sem hafa áhrif á nám barna er gæði kennarans mikilvægast.

Foreldrar eru oft á tíðum helstu málsvavar leikskólastigsins og reynslan sýnir að yfirvöld hlusta í sumum tilfellum frekar á raddir foreldra en starfsmanna leikskóla. Þetta þarf að nýta og virkja foreldra og foreldrafélög í opinbera umræðu um leikskólastigið, eins og gert er meðal annars í Noregi.

Skilningur foreldra á leikskólastarfinu hefur þó aukist í gegnum árin og eru þeir farnir að krefjast meiri þjónustu og gera kröfur um að börn þeirra séu í námsumhverfi sem hvetur og styður.

Kennarar þurfa tíma og rými til að stunda starfsþróun, bæði einstaklingslega og í samvinnu við aðra. Það þarf að gefa kennurum tækifæri til að vaxa og dafna sem kennarar. Liður í því er að gefa þeim tíma til samræðna, að hlusta, ígrunda, gefa hugmyndir og fá viðbrögð. Gera þarf ráð fyrir þessu í dagsskipulagi leikskóla.

Sveitarfélög og leikskólastjórar þurfa að gera gagnskör í því að gefa tíma til samstarfs, samræðu og ígrundunar. Skapa þarf menningu sem leiðir það af sér.

Skapa þarf menningu lærdómssamfélags í leikskólum. Skapa þarf starfsfólki leikskóla (faglærðu sem ófaglærðu) tíma til samræðu, ígrundunar, starfsþróunar og að efla sig í starfi. Æskilegt er að með starfsþróun aukist möguleikar starfsmanna á starfsframa og aukinni ábyrgð í starfi.

Stuðla þarf að samvinnu og samkennd allra er koma að leikskólastarfi (leikskólakennarar, leikskólastjórar, foreldrar, kennaramenntastofnanir, stéttarfélög, sveitarstjórnarmenn og ráðamenn landsins).

Hvetja ætti til samstarfs leikskóla (bæði innanlands sem utan), að þeir deili hugmyndum, læri hver af öðrum og styðji hvern annan. Samvinna á milli Norðurlandanna er mikilvæg og þyrfti að vera meiri t.d. með ráðstefnum, námskeiðum og samstarfi skóla s.s. í gegnum starfendarannsóknir og samskipti í gegnum netið.

Samvinna leikskóla við háskóla er ekki síður mikilvæg þar sem unnið er sameiginlega að verkefnum og rannsóknum.

Þátttakendur á málstofu um leikskólastigið (fyrir utan málstofustjóra og ritara):

Málstofa 1: 11 þátttakendur (10 frá Íslandi, 1 frá Noregi)

Sissel Harre, Íris Dögg Jóhannsdóttir, Soffía Bragadóttir, Þórður Hjaltested, Fjóla Þorvaldsdóttir, Ólafía Guðmundsdóttir, Rannveig Andrésdóttir, Arna H. Jónsdóttir, Kristín Hildur Ólafsdóttir, Ólöf Kristín Sívertsen, Sigrún Einarsdóttir.